Ritun	<p>Að nemandi:</p> <p>-Skrifi mismunandi textagerðir, með stuðningi t.d. gátlista og fyrirmynda.</p> <p>-Semji stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.</p> <p>-Geri útdrátt úr lengri texta í samstarfi við bekkjarfélagi.</p> <p>-Vinni með ákveðinn og óákveðinn greini, en og et.</p> <p>-Þekki tölur 1-100.</p> <p>-Vinni með algengar sagnir í nútíð og þátíð.</p> <p>-Vinni með spurnarfornöfnin.</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Skrifi texta af mismunandi gerðum, með stuðningi t.d. gátlista og fyrirmynda.</p> <p>-Semji texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín með stuðningi mynda, hluta o.s.frv.</p> <p>-Lýsi atburðarás eða því sem hann hefur upplifað.</p> <p>-Vinni með ákveðinn og óákveðinn greini, en og et, og fleirtölu nafnorða.</p> <p>-Vinni með algengar sagnir í nútíð og þátíð.</p> <p>-Vinni með endingar lýsingarorða og stigbreytingu þeirra.</p> <p>-Vinni með spurnar- og persónufornöfnin.</p> <p>-Vinni með forsetningar, tímaákvarðanir og töluorð.</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Skrifi ýmsar gerðir af textum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.</p> <p>-Semji texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.</p> <p>-Horfi á kvikmynd og vinnur verkefni út frá efni myndarinnar.</p> <p>-Tjái sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu</p> <p>-Vinni með algengar sagnir í nútíð, þátíð og lýsingarhátt þátíðar.</p> <p>-Vinni með spurnarfornöfn, persónufornöfn, eignarfornöfn og ábendingarfornöfn.</p> <p>-Vinni með ákveðinn og óákveðinn greini, en og et, og fleirtölu nafnorða.</p> <p>-Vinni með endingar lýsingarorða og stigbreytingu þeirra.</p> <p>-Vinni með forsetningar, tímaákvarðanir og töluorð.</p>
Menningarlæsi	<p>Að nemandi:</p> <p>-Sýni fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Sýni fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Sýni fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og</p>

	<p>unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetjur barnabóka, leiki, söngva og ævintýri.</p> <p>-Sýni fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.</p> <p>-Sýni fram á að hann áttar sig á skyldleika dönsku við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.</p>	<p>menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.</p> <p>-Greini á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. dönsku, norsku, sænsku og færeysku.</p>	<p>menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.</p>
Námshæfni	<p>Að nemandi:</p> <p>-Beiti mismunandi námsaðferðum, t.d. nýtir sér samhengi í texta til að geta sér til um merkingu orða.</p> <p>-Taki þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnir öðrum tillitssemi.</p> <p>-Nýti sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</p> <p>-Nýti sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Taki þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnir öðrum tillitssemi.</p> <p>-Beiti sjálfsmati og tekur þátt í jafningjamati með stuðningi frá kennara.</p> <p>-Nýti sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</p> <p>-Nýti sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Taki þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnir öðrum tillitssemi.</p> <p>-Beiti á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati.</p> <p>-Nýti sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengst þau af gagnrýni.</p> <p>-Nýti sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og notar í nýju samhengi.</p>

Kennsluaðferðir og skipulag

Undir náttúrugreinar heyra m.a. náttúrufræði, jarðvísindi, eðlisvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Þessar greinar fléttast saman og mynda heild sem stuðlar að því að nemendur upplifa sig sem hluti af náttúrunni. Mikilvægt er að nemendur öðlist góða þekkingu í náttúrufræði og fái hæfni og leikni í að umgangast og njóta náttúrunnar. Þeir kynnist leiðum til að efla læsi á umhverfið og fá innsýn í undirstöðupætti sjálfbærrar þróunar. Þar með skynja þeir að umhverfi, velferð, efnahagur og samfélag er óslitin heild. Umhverfi skólans og nágrennis er mikilvægur þáttur í kennslunni.

Nemendur fá 80 mín í náttúrufræðikennslu á viku. Líf á landi er viðfangsefni haustsins í haustþema.

Námsefni

Lifheimurinn, Mannslíkaminn, Efnafræði, Eðlisfræði 1, 2 og 3.

Mat

Kaflapróf, ýmis verkefni, verkefni inn á Seesaw, virkni í kennslustund, vinnusemi, og vandvirkni.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið - 8. bekkur	Hæfniviðmið/markmið - 9. bekkur	Hæfniviðmið/bekkur - 10. bekkur
Geta til aðgerða		<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Greini stöðu mála í eigin umhverfi og skipulagt mögulegar aðgerðir sem fela í sér úrbætur. -Geti útskýrt reynslu sína og niðurstöðu af þátttöku í aðgerðum sem varða náttúru og samfélag. 	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Geti tekið rökstudda afstöðu til málefna.

<p>Nýsköpun og hagnýting þekkingar</p>	<p>Að nemandi: -Geti gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi. -Geti tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi. -Geti rætt menntun, þjálfun, starfsval og áætlanir um eigið líf sem tengjast breytingum á umhverfi og tækni.</p>		
<p>Gildi og hlutverk vísinda og tækni</p>	<p>Að nemandi: -Þekki til algengustu hugtaka og heita í náttúrugreinum unglingsstigs. -Geti skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif á hvert annað. -Geti framkvæmt og útskýrt athuganir úti og inni. -Geti framkvæmt tilraunir og athuganir á gagnrýnninn hátt. -Geti ályktanir af gögnum eftir mismunandi sjónarhornum.</p>	<p>Að nemandi: -Geti unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúrugreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta sem tengjast náttúru, umhverfi, samfélagi og tækni. -Beiti algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins</p>	<p>Að nemandi: -Beiti algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins. -Geti framkvæmt tilraunir og athuganir á gagnrýnninn hátt.</p>
<p>Vinnubrögð og færni</p>	<p>Að nemandi: -Lesi texta um náttúrufræði sér til gagns og túlkar myndefni honum tengt. -Viti hvernig afla á sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku.</p>	<p>Að nemandi: -Dragi ályktanir af gögnum eftir mismunandi sjónarhornum.</p>	<p>Að nemandi: -Dragi ályktanir af gögnum með því að nota ólík sjónarhorn. -Lesi texta um náttúrufræði sér til</p>

		<p>-Lesi texta um náttúrufræði sér til gagns og túlkar myndefni honum tengt.</p> <p>-Kanni áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, netið og aðrar upplýsingaveitur.</p> <p>-Afli sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og þekkir til heimilda á erlendum málum.</p> <p>-Geti gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum.</p>	gagns og túlkar myndefni honum tengt.
Ábyrgð á umhverfinu	<p>Að nemandi:</p> <p>-Geti tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu og gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru.</p> <p>-Skoði og skrái atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis, tekið virkan þátt í gagnrýninni umfjöllun um málið og gert tillögur að úrbótum. (9.b)</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Skoði og skrái atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis, tekið virkan þátt í gagnrýninni umfjöllun um málið og gert tillögur að úrbótum.</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Ræði af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi.</p> <p>-Taki þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og ræðir um markmið til umbóta.</p> <p>-Sýni fram á þekkingu til að vinna að umbótum í eigin sveitarfélagi eða í frjálsum félagasamtökum.</p>
Að búa á jörðinni	<p>Að nemandi:</p> <p>-Útskýri árstíðabundið veðurlag og loftslagsbreytingar, ástæður og afleiðingar.</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Geti gert grein fyrir stöðu jarðar í himingeimnum og áhrifum hennar á líf á jörðu.</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Þekki til athugana er varða búsetu mannsins á jörðinni.</p> <p>-Útskýri og ræði ástæður náttúruverndar.</p>

			-Geti útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu.
Lífsskilyrði manna	-Geti lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillífun og bruna.	Að nemandi: -Útskýri hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannlíkamans, gerðir frumna, líffæri þeirra og starfsemi. -Útskýri hvernig fóstur verður til og þroskast. -Ræði hvað felst í ábyrgri kynhegðun og eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra. -Útskýri hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun. -Útskýri hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu.	Að nemandi: -Geti rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó.
Náttúra Íslands	Að nemandi: -Geti gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum. -Útskýri flokka lífvera eftir skyldleika. -Geti tekið dæmi af og útskýrt forvarnir, sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara.		Að nemandi: -Geti útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika. -Geti lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi. -Útskýri þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum.

Heilbrigði umhverfisins		Að nemandi: -Útskýri krafta sem verka í daglegu lífi manna. -Þekki þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.	Að nemandi: -Geri grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun. -Nýti frumeindakennninguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti. -Ræði á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna.
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	Að nemandi: -Fjalli á gagnrýninn hátt um aukaefni í mat og aðferðir til að auka geymsluþol matvæla. -Geti útskýrt einfaldar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns. -Geti skýrt tengsl mannfjöldapróunar við framleiðslu og dreifingu matvæla og þátt líftækninnar í þeim tengslum.	Að nemandi: -Þekki forsendur vistvænnar hönnunar.	Að nemandi: -Geti útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum.

Kennsluaðferðir og skipulag

Undir samfélagsgreinar heyra m.a. landafræði, saga, trúarbragðafræði, lífsleikni og þjóðfélagsfræði sem oft á tíðum tvinnast saman á einhverju stigi. Þetta eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi hátt. Hver fræðigrein innan samfélagsgreina gegnir ákveðnu hlutverki til þess að markmið greinanna náist í heild.

Í kennslunni er stuðlað að því að nemendur öðlist skilning á þeim mörgu hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þar er m.a. fjallað um jafnrétti, lýðræði, umhyggju, umburðarlyndi og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Reynt er að hafa kennsluaðferðirnar sem fjölbreyttastar þar sem nemendur taka virkan þátt í umræðum um efnið með kennara og vinna verkefni af ýmsum toga annaðhvort sem einstaklings- eða samvinnuverkefni. Hverri lotu lýkur með annaðhvort verkefnaskilum að einhverju tagi eða lotuprófi.

Námsefni

Á ferð um samfélagið og Um víða veröld auk þess sem notað er efni úr ýmsum áttum t.a.m. fjölmiðlum.

Mat

Kaflapróf, verkefni inn á Classroom og Seesaw, virkni í kennslustund, vinnusemi, og vandvirkni.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið - 8. bekkur	Hæfniviðmið/markmið - 9. bekkur	Hæfniviðmið/markmið - 10. bekkur
Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann	Að nemandi: -Þekki til umræðu um jafnrétti kynjanna og átti sig á mikilvægi hennar. -Þekki hvernig mannlegar athafnir hafa mótað og breytt umhverfis- og búsetuskilyrðum. -Þekki ólíkar fjölskyldugerðir.	Að nemandi: -Skilji gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og getur rætt áhrif staðalímynd -Geti rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.	Að nemandi: -Viti hvað felst í mannréttindum, félagslegu réttlæti og jöfnuði. -Geti rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins. -Þekki almenn ákvæði um mannréttindi.

	<ul style="list-style-type: none"> -Þekki tengsl samfélags og náttúru í tímans rás. -Hafi þekkingu á atvinnulífi í heimabyggð. -Þekki réttindi sín og skyldur á vinnumarkaði. -Fjalli um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður. -Geti greint afmarkaða efnispætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar. -Þekki hugtakið lýðræði. -Lýsi nokkrum einkennum lýðræðislegra starfshátta innan skólans. -Geti aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi. -Geti útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði. -Geti greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum. -Þekki hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum. 	<ul style="list-style-type: none"> -Geti sýnt fram á þekkingu á tímabil, atburði og persónur sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu. -Þekki margvíslegar fjölskyldugerðir og ólík hlutverk innan þeirra. -Þekki helstu umferðarreglur og nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni. -Hafi þekkingu á atvinnulífi í heimabyggð. -Kynni sér nám og starf innan fyrirtækis/stofnunar. -Átti sig á tilgangi nemendalýðræðis og eigin hlutverki í samfélagi nemenda. -Þekki hvernig sagan hefur mótast af samfélagsskipulagi, þjóðfélagsshreyfingum og hugmyndastefnum. -Geti útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum. -Geti útskýrt formleg tengsl Íslands við umheiminn s.s. EFTA, NATO, Schengen og EES. -Geti sýnt fram á skilning á kostnaði vegna eigin neyslu og verði læs á þau áhrif sem ýmis tilboð hafa á eigin neyslu. 	<ul style="list-style-type: none"> -Geti rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni. -Geti sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu s.s. málefni líðandi stundar. -Geti borið saman ólík trúarbrögð og lífsviðhorf. -Geti borið saman hvað er sameiginlegt og hvað sérstakt milli trúarbragða. -Þekki hlutverk og margbreytileika fjölskyldna, ólík lífsgildi innan þeirra og miðlun menningar milli kynslóða. -Geti útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmal, atvinnulíf og hugmyndastefnur. -Þekki grunnatriði væntanlegs ökunáms og er meðvitaður um hættur í umferðinni sem skapast af óvarkární og of miklum hraða. -Þekki tengsl samfélags, stjórnmála, trúar og lífsviðhorfa. -Hafi þekkingu og skilning á atvinnulífi. Getur sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. -Geri sér grein fyrir mikilvægi heimilda og hlutverki þeirra í sögu og samtíð. - Fáist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og
--	---	---	--

			<p>tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.</p> <p>-Greini áhrif Biblíunnar og helgiritanna annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög.</p> <p>-Þekki mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis. -Geri sér grein fyrir gildi sjálfbærrar þróunar.</p> <p>-Sýni fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims.</p> <p>-Kynnist trúarlegum vísunum og tjáningu í listum og bókmenntum.</p> <p>-Geti útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins á Íslandi.</p> <p>-Taki ábyrgari afstöðu til eigin fjármála og neyslu og verður gagnrýnni neytandi.</p>
<p>Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Geti sagt frá sjálfum sér og tekið dæmi sem hafa áhrif á hver hann er, s.s. úr nærsamfélagi sínu, umhverfi og menningu.</p> <p>-Þekkir styrkleika sína og veikleika.</p> <p>-Sýni fram á skilning á mikilvægi þess að tileinka sér heilbrigða og holla lífshætti.</p> <p>-Þekki gildi virkrar þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi.</p> <p>-Skilji hvernig fjölmiðlar skapa lífsstíl sem endurspeglast m.a. í tilteknum kynhlutverkum og líkamsfyrirmyndum.</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Þekki stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi sín og skyldur.</p> <p>-Skilji hugtakið félagsmótun og áhrif hennar.</p> <p>-Þekki styrkleika sína og veikleika.</p> <p>-Setji sér persónuleg og raunhæf markmið í námi og utan þess, s.s. í íþróttum og tómstundum.</p> <p>-Átti sig á hvaða námsaðferðir og námsvenjur henta honum best.</p> <p>-Tileinki sér skipulögð vinnubrögð í námi.</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Geri sér grein fyrir hver hann er í augum sjálfs sín og annarra og útskýrir hvernig sjálfsmynd hans og lífsviðhorf mótask m.a. af umhverfi og búsetu, félagslegum aðstæðum, lífsviðhorfum og menningu.</p> <p>-Þekki styrkleika sína og veikleika.</p> <p>-Geri sér grein fyrir tengslum námsárangurs og námsvals.</p> <p>-Setji sér raunhæf markmið, gerir áætlanir í samræmi við þau og leggi mat á hvernig til hafi tekist.</p>

	<p>-Þekki hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna.</p> <p>-Geti lýst ólíkum tilfinningum og tengt þær hugsun sinni og hegðun.</p> <p>-Átti sig á jafngildi sínu og annarra.</p>	<p>-Þekki námstilboð skólans fyrir 10. bekk og framhaldsskólann.</p> <p>-Meti áhrif jákvæðra og neikvæðra áreita í umhverfinu og hefiur eflst í að bera ábyrgð á eigin lífi og lífsháttum.</p> <p>-Vegi og meti áhrif fyrirmynda og staðalmynda og átti sig á hvernig vinna má með þær á uppbyggjandi hátt.</p> <p>Þekkir hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna.</p> <p>-Geri sér grein fyrir margvíslegum tilfinningum og átti sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.</p> <p>-Geri sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra og seti sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn.</p>	<p>-Átti sig á hvaða námsaðferðir og námsvenjur henta honum best.</p> <p>-Tileinki sér skipulögð vinnubrögð í námi.</p> <p>-Þekki innritunarferli og námstilboð í framhaldsskóla, getur tekið upplýsta ákvörðun um námsval og getur sótt um.</p> <p>-Sýni styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.</p> <p>-Geri sér grein fyrir áhrifum fyrirmynda og mótun sjálfsmyndar og er tilbúin/n til að móta lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.</p> <p>-Þekki hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna.</p> <p>-Lýsi ólíkum tilfinningum og áttar sig á áhrifum þeirra á hugsun, hegðun og samskipti.</p> <p>-Sýni fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum; ólíkum bakgrunni fólks, lífsgildum þess, skoðunum og lífsháttum.</p>
<p>Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Virði ólíkan bakgrunn fólks, s.s. mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og lífshætti.</p> <p>-Þekki ákvæði Barnasáttmála Sameinuðuðu þjóðanna og skilji hugtakið mannréttindi.</p> <p>-Þekki hugtakið borgaravitund og sýni fram á skilning á birtingarmynd hennar.</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Taki þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.</p> <p>-Fjalli um viðfangsefni sem snerta lífsviðhorf og siðferði og setji þau í samhengi við atburði dagslegs lífs.</p> <p>-Þekki og geti rætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi sín og skyldur.</p>	<p>Að nemandi:</p> <p>-Geti tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.</p> <p>- hafi þekkingu á samfélagslegum og siðferðilegum málefnum af mismunandi sjónarhólum.</p> <p>-Geti útskýrt margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, ber virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.</p>

	<p>-Geti bent á og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysgildrum í umhverfinu og náttúrunni.</p>	<p>-Geti sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum skv. alþjóðasáttmálum. -Sýni sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. -Hefi tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill s.s. með fjáröflun til stuðnings nærsamfélaginu. -Komi þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn og í samstarfi við aðra. -Sýni ábyrgð í samskiptum og átti sig á afleiðingum gjörða sinna.</p>	<p>-Geti útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur. - Geti rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. annars með vísan til réttinda skv. alþjóðasáttmálum. - Sýni sjálfsga, stjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga. - Sýni ábyrgð í samskiptum og átti sig á afleiðingum gjörða sinna eða aðgerðaleysis. - Sinni velferð og hag samferðafólks síns.</p>
--	--	---	---

Kennsluaðferðir og skipulag

Námssvið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiðið. Einnig felst upplýsinga- og miðlalæsi geta til að nálgast og nota upplýsingar í samræmi við siðferðileg viðmið um höfundarétt.

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að auka upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Upplýsinga- og tæknimennt verður kennd þvert á allar greinar þar sem iPadar koma að miklum notum.

Námsefni

Ípadar og Cromebook vélar eru notaðar í öllum námsgreinum. Stuðst er við ýmis forrit.

Mat

Símat samþætt öðrum greinum.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið - 8. bekkur	Hæfniviðmið/markmið - 9. bekkur	Hæfniviðmið/markmið - 10. bekkur
<p>Vinnulag og vinnubrögð -Þekkingaröflun og miðlun -Sjálfstæð vinnubrögð -Möguleikar tæknibúnaðar -Fingrasetning</p>	<p>Að nemendur geti: -nýtt sér snjalltæki og tölvur til þekkingaröflunar og miðlunar. -nýtt sér möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt. -unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu. -beitt réttri fingrasetningu.</p>	<p>Að nemendur geti: -nýtt sér snjalltæki og tölvur til þekkingaröflunar og miðlunar. -nýtt sér möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt. -unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu. -beitt réttri fingrasetningu.</p>	<p>Að nemendur geti: -nýtt sér snjalltæki og tölvur til þekkingaröflunar og miðlunar. -nýtt sér möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt. -unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu. -beitt réttri fingrasetningu.</p>

	-unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.	-unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.	-unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.
Upplýsingaöflun og úrvinnsla -Upplýsingaleit -Að nýta efni á margvíslegu formi -Vega og meta upplýsingar -Heimildarvinna -Uppsetning ritgerða -Töluleg gögn	Að nemendur geti: -nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit og markvissa öflun upplýsinga. -unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum. -nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni. -nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang. -beitt gagnrýnni hugsun við að vege og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra. -nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.	Að nemendur geti: -nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit og markvissa öflun upplýsinga. -unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum. -nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni. -nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang. -beitt gagnrýnni hugsun við að vege og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra. -nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.	Að nemendur geti: -nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit og markvissa öflun upplýsinga. -unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum. -nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni. -nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang. -beitt gagnrýnni hugsun við að vege og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.

			-nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.
Tækni og búnaður -Framsetning ritunarverkefna og tölulegra gagna -Hljóðvinnsla og myndbandagerð	Að nemendur geti: -nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna. -nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.	Að nemendur geti: -nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna. -nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.	Að nemendur geti: -nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna. -nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.
Sköpun og miðlun -Einfaldur hugbúnaður -Forritun	Að nemendur geti: -nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.	Að nemendur geti: -nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.	Að nemendur geti: -nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.
Siðferði og öryggismál -Ábyrgð í meðferð upplýsinga -Reglur um ábyrga netnotkun	Að nemendur geti: -sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu. -nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.	Að nemendur geti: -sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu. -nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.	Að nemendur geti: -sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu. -nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.

Kennsluaðferðir og skipulag

Kennsla fer fram í sundlauginni á Laugum einu sinni í viku. Áhersla er lögð á helstu sundaðferðir, marvaða, stungur, spyrnur, köfun og leiki.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Bringusund, skriðsund, baksund, kafund, flugsund, þolsund, fatasund, björgunarsund og marvaði. Stunga og leikur í vatni.	8. sundstig. 9. sundstig. 10. sundstig.	Að nemendur: -fái markvissa sundkennslu og verði fær um að bjarga sjálfum sér og öðrum. -skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt. -þreyti sundpróf til að veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs. -geti sýnt leikni og synt viðstöðulaust í bringusundi, baksundi, skriðsundi, flugsundi og kafundi auk þess að geta troðið marvaða. -geti tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum. -framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunarhálda. -bjargað jafningja á björgunarsundi.	Verklegt próf samkvæmt sundstigi undir lok vors. Kennari gefur nemanda vitnisburð um sundgetu á prófi, mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun.

Kennsluaðferðir og skipulag

Markviss hreyfiþjálfun sem felst í því að efla líkamlega þætti eins og þol, og til þess að takast á við langtíma álag. Líkamsstyrk og jafnvægi til að takast á við hámarksátök og kyrrstöðu. Liðleika sem tekur til hreyfanleika og hreyfi víddar í liðamótum.

Grunnþjálfun sem þessi felst í fjölbreyttum leikjum með og án bolta. Vinna sem einstaklingar, pör og hópur í stöðvaþjálfun sem og hópavinnu. Kennsla sett upp þannig að hún henti öllum í hópnum og farið verður yfir hverja íþróttagrein fyrir sig sem hægt er að framkvæma á svæðinu og nemendur fái því að kynnast sem flestum íþróttum. Hver grein mun vera tekin fyrir í 1 – 2 vikur í senn.

Mat

Kennari framkvæmir stöðumat til að fylgjast með stöðu nemenda auk þess að geta fylgst með hvort framfarir eigi sér stað.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Hreyfiþjálfun sem felst í leikjum með og án bolta. Íþróttagreinar sem koma inn á færni, þol og styrk eins og fimleikar, frjálssár íþróttir og almenn þrekþjálfun, liðleiki. Stöðvaþjálfun.	Útiþróttir(eins og veður leyfir): Gönguferðir, leikir með og án bolta og hreyfiþrautir. Inniþróttir: Áhöld sem þarf fyrir það viðfangsefni sem tekið er fyrir hverju sinni.	Að nemendur: -öðlist jákvæða reynslu til hreyfingar og hollra lífshátta. -geti gert æfingar sem reyna á þol, styrk, jafnvægi í kyrrstöðu og á hreyfingu. -geti gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfivídd og hreyfigetu. -geti sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum. -geti tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta líkamsástand. -geti tekið þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan og utan skólans. -upplifi ánægju af eigin framförum. -séu meðvitaðir um mikilvægi hreyfingar.	Nemendur fá umsagnir á annarskilum um áhuga, virkni í tímum, framfarir og hegðun.

Kennsluaðferðir og skipulag

Kenndar eru 1 sinnum 40 mín. á viku

Viðfangsefni	Markmið	Mat
Marimba/Djembé	Að nemendur: -kynnist afrískri tónlistarmenningu og þjálfist í leik á Marimba og Djembé. -komi fram á tónleikum og auk þess að fara í tónleikaferðir um landið og námsferðir erlendis.	Í tónlist er fyrst og fremst lagt mat á áhuga og virkni nemenda.

Kennsluaðferðir og skipulag

Hver nemandi fer í ca 10 skipti yfir skólaárið í heimilisfræði í 100 mín. einu sinni í viku.

Nemendur kynnast fjölbreyttum efnum og aðferðum, þjálfa verkfærni og meðferð áhalda. Innlögn frá kennara, kynning á aðferðum og verkefnum sem í boði eru. Nemendur velja sér verkefni byggð á ákveðnum aðferðum og vinna þau undir leiðsögn kennara. Umhverfisvernd og umhverfisvitund eru mikilvægir þættir textílmenntar og stuðlað er að endurnýtingu og sjálfbærni. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendur tækifæri til að útfæra, skapa og búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi.

Mat: Símat. Vinnubrögð, vinnuferli og virkni metin af kennara. Gefin umsögn í lok annar.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið 8.-10. bekkur
Textílmennt	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textíl vinnu. -taki virkan þátt í tímum. -kynnist grunnaðferðum í t.d prjóni/hekli, útsaumi, vélsaumi. -geti unnið með uppskriftir og snið eftir því sem við á, tekið mál og áætlað stærðir og efnispörf. -geti nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga varðandi vinnuna. -noti fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textílverkefna. -þrói eigin hugmyndir í textílverk.-tileinki sér vönduð vinnubrögð, góða umgengni og hegðun. -kynnist mismunandi efnum og geri sér grein fyrir helstu eiginleikum náttúru efna og gerviefna. -geri sér grein fyrir áhrifamætti tísku á daglegt líf í kjölfar fjölda framleiðslu í iðnaði.

Kennsluaðferðir og skipulag

Hver nemandi fer í ca 10 skipti yfir skólaárið í heimilisfræði í 100 mín. einu sinni í viku.

Í heimilisfræði er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, hreinlæti við matargerð og öruggt vinnuumhverfi. Lögð verður áhersla á að kynna fyrir nemendum eldri íslenskar matarhefðir og mat frá öðrum löndum.

Mat: Símat, vinnubrögð og vinnusemi. Umsögn og einkunn í lok annar.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið 8.-10. bekkur
Matargerð og bakstur ásamt fræðslu um: <ul style="list-style-type: none"> ● Eldri matargerð á Íslandi ● Mat og menningu í ólíkum löndum ● Hreinlæti og öryggi 	Að nemendur: <ul style="list-style-type: none"> ● Fari eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu. ● Skipuleggi og matreiði fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni. ● Beiti helstu matreiðslu aðferðum og noti til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld. ● Nýti margvíslega miðla til að afla upplýsinga um hina ýmsu matarmenningu. ● Segi frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreiði ýmsa þjóðarrétti.

Kennsluaðferðir og skipulag

Hver nemandi fer í ca 10 skipti yfir skólaárið í hönnun og smíði í 100 mín. einu sinni í viku.

Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna.

Mat: Símat, vinnubrögð og vinnusemi. Umsögn og einkunn í lok annar.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið 8.-10. bekkur
Hönnun tækni, handverk og umhverfi: <ul style="list-style-type: none">Nemendum er ætlað að velja sér verkefni við hæfi.	Að nemendur: <ul style="list-style-type: none">útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu,unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað,framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skrúfun,hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu,sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu,gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra,sagt frá mikilvægi verkþekkingar í nútíma samfélagi.greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval,gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra,beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.

Kennsluaðferðir og skipulag

Farið verður í helstu boltagreinar sem hægt er að stunda. Námið er verklegt og fer fram í Ýdölum. Markviss hreyfipjálfun sem felst í því að sinna þeim boltagreinum sem er í boði. Grunnþjálfun felst í því að vinna með bolta og er kennslan sett upp þannig að hún henti öllum hópum og farið verður yfir hverja grein fyrir sig. Hver grein mun vera tekin fyrir í 4 vikur í senn.

Mat: Nemendur fá umsagnir á annarskilum um áhuga, virkni í tímum, framfarir og hegðun.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið 8.-10. bekkur
Helstu boltagreinar	Að nemendur: <ul style="list-style-type: none">-öðlist dýpri skilning á boltagreinum-kynnist undirstöðuatriðum og taki þátt í verklegum æfingum sem ná til tækni og þrekþjálfunar-læri helstu leikreglur í hverri íþróttagrein-fái grunnþekkingu í uppbyggingu í hverri boltagrein.

Kennsluaðferðir og skipulag

Kennsla fer fram í íþróttahúsinu á Laugum. Framhaldsskólakennari sér um kennsluna og eru nemendur grunnskólans með nemendum framhaldsskólans í tímum.

Mat: Í áfanganum er símat sem nær yfir alla önnina. Virkni, þátttaka og mæting er metin til einkunnar.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Körfubolti	Að hafa öðlast þekkingu og færni til að leiðbeina byrjendum um íþróttina og geta sýnt rétta tækni í helstu þáttum leiksins.

Kennsluaðferðir og skipulag

Bakstur er valgrein á unglingastigi kennd 1x í viku í 3 kennslustundir í senn. Nemendur koma með hugmyndir að því sem þau vilja baka. Lagt verður áhersla að nemendur lesi og fari eftir uppskriftum. Læri að vinna með mismunandi einstaklingum og njóti þess að búa til gómsætar kökur og kræsingar.

Námsefni: Uppskriftir úr ýmsum áttum.

Mat: Símat. Vinnubrögð og virkni metin af kennara. Gefin verður umsögn í lok annar.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Bakstur	Að nemendur: <ul style="list-style-type: none">- lesi og fari eftir uppskriftum.- vinni með mismunandi einstaklingum.- beiti helstu matreiðsluaðferðum og noti til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld.- fari eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu.

Kennsluaðferðir og skipulag

Að nemendur kynnist í hverju hlutverk hjálparveita felast. læri ýmis undirstöðuatriði s.s. skyndihjálp, hnúta, sig, lesa kort, nota áttavita, gps, fjarskipti, leitartækni, snjóflóðaýla og fleira

Kennslustundafjöldi: 3 kennslustundir (120 mín.) á viku hálfan veturinn (12-13 skipti).

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið 8.-10. bekkur
Undirstöðu atriði í björgunarsveitar störfum	Að nemendur: -fái að kynnst störfum björgunarsveita og fái grunnþjálfun í eftirfarandi atriðum: <ul style="list-style-type: none">● skyndihjálp● hnútar● sig● kortalestur● áttiviti● gps● fjarskipti● snjóflóðaýlum● leitartækni● útivist

Kennsluaðferðir og skipulag

Í leikskólavali takast nemendur á við ýmis verkefni sem tengjast leikskólastarfinu. Markmið áfangans er að kynna leikskólastigið fyrir nemendum í 8 - 10. og gefa þeim innsýn í starf leikskólakennarans. Jafnframt er stefnt að því að efla ábyrgðarkennd og félagsfærni nemenda og gefa þeim tækifæri til að gera gagn. Þannig tengist námsgreinin hugmyndafræði jákvæðs aga, þ.e. störfum nemenda og kenningum Alfred Adler um Gemeinschaftsgefühl.

Leikskólavalið byggist upp á þann hátt að nemendur koma einu sinni í viku í leikskólann og aðstoða leikskólabörnin við margs konar verkefni undir handleiðslu leikskólakennara og iðjubjálfa. T.d. að aðstoða börnin við að klæða sig í útiföt, spila við börnin, spjalla og mynda tengsl, fara með þeim í verkgreinastofur og aðstoða þau við margs konar skapandi verkefni. Jafnframt fara nemendur út með leikskólabörnunum, aðstoða þau þar og leika við þau.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið 8.-10. bekkur
Lífið í leikskólanum	Að nemendur: <ul style="list-style-type: none">• Nemendur kynnist leikskólastarfinu• Nemendur aðstoði og leiki við leikskólabörnin undir handleiðslu leikskólakennara.• Nemendur efli ábyrgðarkennd sína.• Nemendur upplifi að þeir geti gert gagn og efli þar með sjálfsmynd sína.

Kennsluaðferðir og skipulag

Í listasmiðju er markmiðið að nemendur njóti þess að skapa, gera tilraunir og prófa sig áfram með margvíslegum aðferðum textíls- og sjónlista. Nemendur kynnast fjölbreyttum efnum og aðferðum, þjálfra verkfærni og meðferð áhalda. Innlögn frá kennara, kynning á aðferðum og verkefnum. Nemendur velja sér verkefni byggð á ákveðnum aðferðum og vinna þau undir leiðsögn kennara. Áhersla er lögð á að efla umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni.

Mat: Símat. Vinnubrögð, vinnuferli og virkni metin af kennara. Gefin umsögn í lok annar.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið 8.-10. bekkur
Listasmiðja	Að nemendur: <ul style="list-style-type: none">-geti beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textíl vinnu.-taki virkan þátt í tímum.-kynnist grunnaðferðum í t.d prjóni/hekli, útsaumi, vélsaumi, mósaík.-geti unnið með uppskriftir og snið eftir því sem við á, tekið mál og áætlað stærðir og efnispörf.-geti nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga varðandi vinnuna.-noti fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textílverkefna.-þrói eigin hugmyndir í textílverk.-tileinki sér vönduð vinnubrögð, góða umgengni og hegðun.

Kennsluaðferðir og skipulag

Í félagsmálavali er markmiðið að efla félagsfærni, samskipti, lýðræðisvitund og gagnrýna hugsun í gegnum verkefni, leiki og æfingar. Nemendur kynnast réttindum sínum, skyldum og tækifærum sem einstaklingar í lýðræðissamfélagi, þjálfast í gagnrýnni rökhugsun og fá tækifæri til aukins innsæis. Nemendur félagsmálavals fá æfingu í skipulagi og stjórnun viðburða. Við kennslu er notast við “Kompás - lýðræðiskennslubók fyrir börn og ungt fólk” auk þess sem nemendur taka þátt í skipulagi efnis og fræðslu.

Mat: Símat á þátttöku, virkni og vinnubrögðum. Mat gefið í lok annar.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið 8.-10. bekkur
Félagsmálaval	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> - geti tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt - geti brugðist með rökum við upplýsingum og hugmyndum sem eru á margvíslegu formi, tekið þátt í rökræðum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt af yfirvegun og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða - geti spurt rannsakandi spurninga, tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu, beitt mismunandi sjónarhornum og gagnrýninni hugsun - geti nýtt hæfni sína til að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi, verið leiðandi í samstarfi og borið ábyrgð í samstarfi um skipulag viðburða og félagsstarfa

Kennsluaðferðir og skipulag

Valgreinar í Valgreinaskólanum eru í umsjón Ásgarðs - í skýjunum. Allar valgreinarnar eru kenndar á fimmtudögum frá kl. 13.00-14.00 á netinu. Gert er ráð fyrir að nemendur vinni heima í að minnsta kosti aðra klukkustund á mótí.

Mat:

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið 8.-10. bekkur
Tölvuleikjahönnun með Unity Dungeons and Dragons Íþróttaval - einstaklings Kvikmyndagerð Þýska Franska Teiknimyndasögugerð Eðlis- og efnafræði Leiklist Rafíþróttir Kökugerð	Mismunandi eftir valgreinum. Þeir nemendur sem velja sér valgrein fá nánari lýsingu með markmiðum.